



## Fundargerð hreppsnendar 24. ágúst 2017

Fundur nr. 65 kjörtímabilið 2014 – 2018

Fundur haldinn í sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps fimmtudaginn 24. ágúst 2017 í félagsheimilinu Miklagarði kl. 16.00.

Mætt til fundar: Stefán Grímur Rafnsson, Eyjólfur Sigurðsson, Sigríður Elva Konráðsdóttir, Unnur Ósk Unnsteinsdóttir, Bárður Jónasson, Magnús Þór Róbertsson og Sigríður Bragadóttir.

Einnig sátu fundinn Ólafur Áki Ragnarsson sveitarstjóri og Magnús Már Þorvaldsson, er ritaði fundargerð.

Oddviti leitaði heimildar að fá að taka lið 2b fyrir með þátttöku Stefáns Guðnasonar og var samhljóða samþykkt.

### Dagskrá

#### 1. Fundargerðir:

a) Fræðslunefndar dags. 8. júní 2017  
Fundargerðin samhljóða samþykkt

b) Nefndar um byggingu vallahúss dags. 6. júlí 2017, ásamt fundargerð stjórnar Einherja dags. 10. júlí 2017  
Samhljóða samþykkt að fyrirbyggjandi grunnmynd skv. uppdrætti Yrki arkitektar verði lengd um ca. 2,0 metra sem stækkun félagsaðstöðu hússins er verði allt að 50 m<sup>2</sup>. Bygginganefnd hússins falið að klára málið. Samhljóða samþykkt.

c) Stjórnar Héraðsskjalasafns Austfirðinga dags. 20. maí 2017  
Lagt fram til kynningar.

d) 33., 34. og 35. fundar stjórnar samtaka sjávarútvegssveitarfélaga  
Lagt fram til kynningar.

e) 851. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga  
Lagt fram til kynningar

f) 11. fundar stjórnar SSA  
Lagt fram til kynningar.

#### 2. Almenn mál:

a) Tillaga frá Sigríði Elvu Konráðsdóttur um námsgögn  
Sigríður Elva kynnti málið nánar. Tillagan borin upp og var samhljóða samþykkt.

b) Tilboð í hirðu, flokkun og urðun sorps í Vopnafjarðarhreppi  
Eyjólfur yfirgaf fund undir þessum lið. Stefán Guðnason var boðaður til fundar og upplýsti hann nefndarfólk nánar um málið og svaraði framkomnum fyrirspurnum. Tilboð Steineyjar ehf. borið upp og var samþykkt með 5 atkvæðum að taka því. Sigríður Elva sat hjá.

c) Kosning formanns fræðslunefndar

Eyjólfur yfirgaf fundinn undir þessum lið. Borin upp sú tillaga að fela sveitarstjóra og oddvita að vinna að málinu. Samhljóða samþykkt.

3. Bréf til sveitarstjórnar frá:

a) Ungmönnum á Vopnafirði

Sveitarstjórn fagnar frumkvæði ungmennana og sveitarstjóra falið að fylgja málinu eftir.

b) Eigendum Hvammsgerðis

Samhljóða samþykkt að sveitarstjóri ræði við eigendur Hvammsgerðis.

c) Ferðamálasamtökum Vopnafjarðar

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerðin lesin upp og hún samþykkt samhljóða, fundi slitið kl. 18:28.

[Eyligögn fundar 240817.pdf](#)